

Vegagerðin
Erna Bára Hreinsdóttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. desember 2008
Tilvísun: UST20080100125/bs


Hringvegur um Hornafjörð. Leið 3b.


Vísað er til tölvubréfs Vegagerðainnar sent 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda leið Hringvegar 1 um Hornafjörð.

Leið 3b felur í sér nokkrar breytingar frá leið 3 eins og hún var kynnt í frummatsskýrslu í ársbyrjun 2008. Veigamesta breytingin felst í því að fallið er frá veglagningu um Skarðsfjörð, en fjörðurinn er svæði nr. 629 á náttúruminjaskrá. Um náttúruverndargildi svæðisins segir m.a.: "*Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi.*"

Umhverfisstofnun telur leið 3b betri kost en leið 3 þar sem veglagning norðan og vestan Skarðsfjarðar ofan fjöruborðs raskar ekki náttúruverndargildi svæðisins að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun ítrekar að vegna umhverfisáhrifa er leið 1 ásættanlegasta leið Hringvegar 1 um Hornafjörð.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun